

# Samtök um Danshús / Dansverkstæðið

Ársskýrsla 2019



Mynd: Owen Fiene

info@dansverkstaedid.com, + 354 6118244  
kt: 560710-0700, dansverkstaedid.com



## Efnisyfirlit

Grunngildi og markmið	3
Starfsemi	4
Innlent samstarf	5
Alþjóðlegt samstarf	5
Keðja	5
Performing Arts Relay	5
Nordic Circle of Artistic Management	6
Aerowaves	6
ICE HOT - norrænn danstváeringur	7
Studio Trade	7
Starfsfólk	7
Fjárhagur	7
Framtíðarsýn	8
Á Dansverkstæðinu 2019	8
Listamenn	8
Gestalistamenn	8
Hátíðir og viðburðir	9
Stofnanir og skólar	9

## Grunngildi og markmið

### Hreiður

Við erum griðastaður fyrir hæfileika og forvitni sem að stuðlar að uppbyggingu, miðlar þekkingu, nærir listamanninn og félagsandann.

### Brú

Við tengjum einstaklinga og hópa við samfélagið og heiminn. Brúin á milli míkró og makró.

### Rödd

Með rödd okkar höfum við áhrif, miðlum þekkingu og sköpum samtal.

### Hringiða

Við erum rými fyrir kreatíft kaós.

## Nafnbreyting og stjórn

Samtök um Danshús hafa séð um rekstur Dansverkstæðisins. Á framhalds-aðalfundi í október 2019 var ákveðið að breyta nafni félagsins í Dansverkstæðið, enda gengur félagið í raun undir því nafni dags daglega. Lögum félagsins var jafnframt breytt í samræmi við nýtt nafn og endurskilgreint hlutverk. Formleg skráning nafnbreytingar fór fram í lok árs 2019. Kennitala félagsins er óbreytt.

### Stjórn Samtaka um Danshús

Á aðalfundi í apríl urðu nokkrar breytingar í stjórn var hún í lok árs 2019 svo skipuð:

Steinunn Ketilsdóttir, formaður

Ásgerður G. Gunnarsdóttir, gjaldkeri

Gígja Jónsdóttir, ritari

Sveinbjörg Þórhallsdóttir, meðstjórnandi

Snædís Lilja Ingadóttir, meðstjórnandi

Varamenn: Ásgeir Helgi Magnússon, Melkorka Sigríður Magnúsdóttir og Valgerður Rúnarsdóttir.

Úr stjórn gengu Saga Sigurðardóttir og Hrafnhildur Einarsdóttir

## Starfsemi

2019 er fyrsta heila almanaksárið okkar í nýja húsnæðinu að Hjarðarhaga 47. Óhætt er að segja að mikil ánægja er með þá aðstöðu sem sviðslistafólki er búin á Dansverkstæðinu og margir hafa á orði hvað það sé gott að vinna í þessu húsnæði. Í árslok 2019 er enn beðið eftir lokaúttekt og síðustu handtökum við frágang húsnæðis. Að fenginni lokaúttekt er hægt að sækja um starfsleyfi, en þangað til starfar Dansverkstæðið án formlegs leyfis.

Í janúar voru salirnir loks alveg tilbúnir með speglum og tjöldum auk þess sem að sett var upp ljósakerfi í sal 1. Sviðslistafólk getur nýtt ljósin á æfingum og byrjað að leggja drög að ljósaönnun sýninga, en einnig er hægt að setja upp einfaldar sýningar í salnum. Sá möguleiki var nýttur töluvert á árinu 2019, en eftir sem áður eru æfingar, sköpun og námskeið megininntak starfseminnar.

Salir Dansverkstæðisins voru afar vel nýttir af sviðslistafólki nokkra mánuði ársins en minna að gera aðra mánuði, enda leitar starfsemin enn jafnvægis á nýjum stað. Alls voru yfir 20 listamenn eða hópar með æfingar og vinnustofur á Dansverkstæðinu og unnu að danssýningum, leiksýningum, óperum, sirkus og barnasýningum. Öll sviðslistaflóran finnur vettvang á Dansverkstæðinu fyrir æfingar og þróun sinna verka. Tæmandi lista yfir þá sem nutu aðstöðunnar á Dansverkstæðinu má finna í lok þessarar skýrslu.

### Viðburðir

Dansverkstæðið í samstarfi við Dansgarðinn fékk það skemmtilega verkefni upp í hendurnar frá Reykjavíkurborg að halda saman dansviðburð á Menningarnótt. Verkefnið var að umbreyta borgarrými í lista- og menningarviðburð í einn dag. Í sameiningu var ákveðið að taka yfir Hagatorg og breyta því í danstorg í einn dag. Borgarstjóri setti menningarnótt kl 13 og eftir það var stöðugur fjöldi fólks á torginu til að sjá sýningar, leika sér eða hreinlega hanga í góðum félagsskap. Veðrið lék sannarlega við okkur og þannig breyttist þessi risastóra umferðareyja í nokkurs konar skemmtigarð í einn dag.

Enn fannst okkur taka óratíma að klára lokahandtökin á endurbyggingunni en ákveðið var að hætta að bíða eftir síðustu handtökum og halda formlega opunarhátíð 30. ágúst. Þar mættu bæði borgarstjóri og menningarmálaráðherra auk fjölda starfsmanna bæði frá borg og ríki og meirihluta danssamfélagsins. Mikil og góð stemning var á opnuninni, sem var létt blanda af formlegri opnun, danssýningum í sal og spjalli vina og samstarfsfélaga á milli. Ekki var laust við að þeim sem mest hafa barist fyrir þessu húsnæði hafi vöknað um augu af einskærri gleði og stolti.

Morguntímar Dansverkstæðisins fóru aftur í gang vorið 2019, en með haustinu færðist verulegur kraftur í tíma og námskeið. Á haustönn voru haldnir 32 morguntímar, masterklassar og tveir bráðhressir bransadanstímar. Aðsókn var yfirleitt góð og margir félagsmenn bættust í hópinn í gegnum þátttöku í tímum.

## Innlent samstarf

Dansverkstæðið er ávallt í góðu samstarfi við Reykjavík Dance Festival og tekur með þeim þátt í alþjóðlega vinnustofuverkefninu Nordic Residency Program. Einn norrænn listamaður dvelur í tveggja vikna vinnustofu á Dansverkstæðinu á vegum verkefnisins árlega. Listamenn RDF æfðu einnig á Dansverkstæðinu fyrir síðustu hátíð, sem haldin var í nóvember 2019.

Dansverkstæðið var samstarfsaðili Reykjavík Fringe Festival sumarið 2019 og einn af sýningarstöðum hátíðarinnar.

Dansverkstæðið og Dansgarðurinn tóku höndum saman við að umbreyta Hagatorgi í danstorg á menningarnótt og einnig hafa þessir aðilar með sér gott samstarf varðandi gestakennara.

Samstarfið við Tjarnarbíó er gott og er stöðugt leitað leiða til að efla samstarfið þannig að þessar tvær stöðir sjálfstæðu sviðslistasenuunnar geti í sameiningu stutt enn betur við sjálfstætt starfandi sviðslistafólk.

Félag íslenskra listdansara, FÍLD, fundar reglulega á Dansverkstæðinu og hefur þar aðstöðu fyrir sín gögn.

Samstarf Listaháskóla Íslands og Dansverkstæðisins nær aftur til árdaga Dansverkstæðisins. Listaháskólinn hefur haldið námskeið á Dansverkstæðinu fyrir dansnemendur og söngnemendur. Einnig tók Dansverkstæðið á móti hópi nemenda af sviðslistabraut sem hluta af námskeið um fagumhverfi sviðslista og er gaman að verðandi atvinnufólk í sviðslistum kynnist Dansverkstæðinu á meðan það er enn í skóla.

## Alþjóðlegt samstarf

Dansverkstæðið er virkt í erlendu samstarfi. Þau verkefni sem Dansverkstæðið tekur þátt í stuðla að auknum sýnileika íslensks danslistafólks og gefa færi á vinnustofum og færniþjálfun í stærra samhengi. Ólöf Ingólfssdóttir var fulltrúi Dansverkstæðisins í alþjóðlegum verkefnum árið 2019.

Á árinu sótti hún eftirfarandi fundi:

9 - 14 febrúar: **Yokohama Dance Collection** og **TPAMS** sviðslistafundur, Yokohama, Japan

28 - 31 mars: **IETM** sviðslistafundur, Hull, England

5 - 8 apríl: **Spring Forward, Aerowaves** danshátíð, Val de Marne, Frakkland

10 - 12 júní: **ICE HOT** partner fundur, Helsinki, Finnland

1 - 3 september: **Nordic Circle of Artistic Management**, Helsinki, Finnland

8 - 10 september: **ICE HOT** partner fundur, Kaupmannahöfn, Danmörk

12 - 15 september: **Rethink Ageing Nordic: Art, Health and Research**, Århus, Danmörk

15 - 17 október: **Rethink Ageing Nordic: Art, Health and Research**, Oslo, Noregur

17 - 20 október: **Keðja - STRETCH** norrænn danslistafundur, Turku, Finnland

24 - 27 október: **Aerowaves** valfundur, Zürich, Sviss

Ferðirnar til Japan og á IETM voru ekki í beinum tengslum við tiltekin verkefni, en Dansverkstæðið tekur þátt í að skipuleggja eftirtalin verkefni:

## Keðja

Norræna-baltneska dansnetið Keðja fór tvær umferðir á árunum 2008 - 2015. Ýmis undirverkefni Keðju hafa öðlast sjálfstætt líf og eru enn í gangi, en einnig er unnið að því að halda áfram viðburðum sem safna saman öllum aðilum í dansi á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum, svokölluðum *encounters*, sem ef til vill mætti þýða sem allsherjarstefnumót. Haldinn var *encounter* - fundur í Turku, Finnlandi í október 2019 undir yfirskriftinni *STRETCH - expanding professionalism*. 4 danslistamenn fengu ferðastyrk frá ICE HOT Reykjavík til að sækja fundinn auk þess sem að Ólöf leiddi tvær vinnustofur og Steinunn Ketilsdóttir var með framsögu í einni vinnustofu. Næsti keðju fundur átti að vera í Gautaborg í ágúst 2020. Vegna kórónuveirufaraldursins var dagskráinni breytt og öll rafræn og var viðburður frá Dansverkstæðið valinn til að vera með.

## Nordic Circle of Artistic Management

Nordic Circle of Artistic Management er afsprengi Keðju II; verkefni sem öðlaðist sjálfstætt framhaldslíf. Markmið verkefnisins er að miðla þekkingu á milli sjálfstætt starfandi framleiðenda/listamanna innan Norðurlandanna. Uppbygging verkefnisins er þannig að valdir eru 8 ungir framleiðendur/listamenn (*mentees*) og þeir paraðir við leiðbeinanda (*mentor*) frá öðru Norðurlandi til samstarfs í eitt ár. Allur hópurinn hittist í upphafi verkefnisins og fær sameiginlegan undirbúning. Yfir árið hittast *mentor* og *mentee* tvisvar og hafa þar fyrir utan samskipti í síma eða á þann hátt sem þeir kjósa. Verkefnið hófst 2016 og var Katrín Gunnarsdóttir *mentee* það árið og Gunn Hernes, sem þá vann í Norræna húsinu í Reykjavík, var *mentor*. Árið 2017 var Steinunn Ketilsdóttir valin sem *mentee* í verkefnið, sem lauk í september 2018.

Í byrjun september var öllum sem hafa tekið þátt í Nordic Circle sem *mentee* eða *mentor* boðið til endurfunda í ráðstefnumiðstöðinni Hanaholmen í Espoo í Finnlandi. Mæting var nokkuð góð og gátu allir sem höfðu tekið þátt í verkefninu fyrir Íslands hönd tekið þátt. Fundurinn var kjörið tækifæri til að styrkja tengslanetið sem beint og óbeint verður til í svona verkefnum. Einnig fengu skipuleggjendur mjög gagnlegar upplýsingar sem nýtast við þá umsóknarvinnu sem nú stendur yfir til að hægt sé að halda áfram með verkefnið.

## Aerowaves

Markmið Aerowaves tengslanetsins er að hjálpa evrópskum danshöfundum að hefja alþjóðlegan feril. Það er gert með því að velja 20 dansverk úr hundruðum innsendra verka og sýna þau á danshátíðinni Spring Forward. Dansverkstæðið er fullgildur félagi í samtökunum og tekur þátt í verkefnavali, en hefur enn ekki haft tæk á að sýna verk úr Aerowaves valinu á Íslandi. Ólöf Ingólfssdóttir sótti danshátíð Aerowaves, Spring Forward, í Val de Marne í Frakklandi, þar sem sýnd voru þau verk sem flest atkvæði hlutu eftir valfundinn í Limerick 2018. Ólöf tók einnig þátt í valfundinum í Zürich í október 2019.

## ICE HOT - norrænn danstvíæringur

Norræni danstvíæringurinn ICE HOT er samstarfsverkefni fimm norðurlanda og hóf göngu sína í Stokkhólmi 2010 og hefur síðan verið haldinn annað hvert ár, í Helsinki 2012, Oslo 2014 og Kaupmannahöfn 2016. 12. - 16. desember 2018 var ICE HOT í Reykjavík. Fyrir ICE HOT Reykjavík var stofnaður samráðshópur SSÍ, SL, FÍLD, DFÍ og Dansverkstæðisins, sem bakhjarl og samtalsvettvangur fyrir verkefnið. Úr þessum hópi var mynduð verkefnisstjórn sem í sátu Ása Richardsdóttir, Friðrik Friðriksson (SL), Marta Nordal (SSÍ) og Ólöf Ingólfssdóttir. Ólöf hefur tekið við verkefnisstjórn ICE HOT fyrir Íslands hönd.

ICE HOT hefur það markmið að koma norrænum dansverkum á framfæri á alþjóðlegum markaði. Verkefnið hefur verið unnið af metnaði og með hag listamanna í huga. Nú er fyrstu umferð ICE HOT lokið og er unnið að fjármögnun næstu umferðar. Enn er ekki öruggt að takist að tryggja nægilegt fjármagn til verkefnisins og því nokkur óvissa um framhaldið. Þangað til annað kemur í ljós er stefnt að næsta ICE HOT tvíæringi í Helsinki í desember 2021.

## Rethink Ageing Nordic: Art, Health and Research

Dans og aldur er viðfangsefni Rethink Ageing verkefnisins. Fimm norrænir danshöfundar hittast fimm sinnum á árinu 2019 og ræða dans og aldur frá ýmsum sjónarhornum. Hvernig er að eldast sem atvinnumanneskja í dansi? Hvaða gildi hefur það fyrir eldri borgara að taka þátt í danssýningum? Þetta og margt fleira er rætt á fundum verkefnisins. Fyrsti fundurinn var haldinn í Stokkhólmi í apríl 2019. Síðan var fundur í Aarhus í september og í Oslo í október. Í tengslum við hvern fund er umræðan opnuð með einhverjum hætti við stærri hóp. Þannig var starfsfólki í félagsþjónustu sveitarfélagsins boðið til samtals í Aarhus og norskt danslistafólk tók þátt í umræðum í Oslo. Verkefnið teygði anga sína einnig til keðju - fundarins í Turku, því þar leiddi Ólöf vinnustofu um dans og aldur. Verkefninu Rethink Ageing lýkur í Reykjavík í apríl 2020 og verður af því tilefni haldin ráðstefna á Dansverkstæðinu um Dans og aldur í samstarfi við þekkingarmiðstöðina Farsæl öldrun.

## Studio Trade

Enn er ótalið Studio Trade verkefnið sem Dansverkstæðið er aðili að. Grunnhugmynd verkefnisins er að danshöfundar geti hjálpað hver öðrum með því að deila þeirri aðstöðu sem þeir hafa með fleirum, t.d. með því að veita aðgengi að vinnurými. Frekar hljótt var um Studio Trade á árinu.

## Starfsfólk

Tinna Grétarsdóttir var í 50% stöðu sem verkefnastjóri með umsjón með daglegum rekstri Dansverkstæðisins árið 2019. Starfshlutfall Ólafar Ingólfssdóttir fór úr 30% í 50% á árinu. Hún sá um að gera nýja heimasíðu fyrir Dansverkstæðið auk hugmyndavinnu varðandi starfsemi Dansverkstæðisins og mögulega framtíðarþróun. Jafnframt sinnti Ólöf alþjóðlegum verkefnum fyrir hönd Dansverkstæðisins. Undir lok árs varð ljóst að reksturinn stæði ekki undir því að auka starfshlutfall beggja starfsmanna Dansverkstæðisins, eins og vonir höfðu staðið til.

Niðurstaðan varð sú að Ólöf hætti á Dansverkstæðinu um áramótin og starfshlutfall Tinnu fór í 75%.

## Fjárhagur

Dansverkstæðið fær rekstrarframlög frá Reykjavíkurborg og mennta-og menningarmálaráðuneyti. Samningurinn við MRN hljóðar upp á 3.000.000 króna framlag á ári. Einnig voru greiddar út 1.000.000 kr í eftirstöðvar sér styrks sem að var úthlutað vegna flutninga á Hjarðarhagann.

Samningar við Reykjavíkurborg eru þannig að Menningar- og ferðamálaráð veitir 2.000.000 króna rekstrarstyrk árlega árin 2018 - 2020. Borgarráð veitir 15.000.000 viðbótarframlag vegna húsnæðiskostnaðar. Árleg framlög borgarinnar eru því 17.000.000 krónur.

Félagsgjöld fyrir 2019 voru 857.000 kr og fjölgaði félagsmönnum nokkuð á árinu.

Leigutekjur Dansverkstæðisins voru 7.280.964 kr og eru nokkurn veginn samkvæmt okkar áætlunum. Það sem að vantar uppá eru leigutekjur frá stofnunum sem að við áætluðum fyrir opnun. Einnig er ljóst að rekstur hússins er nokkuð hærri og safnast fljótt saman ef að eitthvað þarf að laga. Meðalkostnaður við rekstur rýmisins eru rúmlega 2.000.000 kr á mánuði. Þar við bætist laun og skrifstofukostnaður. Það er því ljóst að verulegar breytingar þurfa að verða á rekstrinum til að þetta gangi upp fjárhagslega.

## Framtíðarsýn

Nýja húsnæðið á Hjarðarhaga býður upp á aukna möguleika í að þróa starfsemi Dansverkstæðisins. Húsnæðissamningur til 15 ára gefur traustan grunn til uppbyggingar og vinnuaðstaða er hin ágætasta. Nokkuð hefur verið rætt um leiðir til að auka stuðning við danshöfunda.

Kynningarmiðstöð sviðslista verður að öllum líkindum stofnuð árið 2020 og mun vonandi auka möguleika danshöfunda og annara sviðslistamanna til erlends samstarfs og hugsanlega taka við einhverjum af alþjóðlegu samstarfsverkefnum Dansverkstæðisins. En engu að síður er afar mikilvægt að þróa starfsemina áfram þannig að Dansverkstæðið geti stutt betur við danshöfunda með ráðgjöf og aðstoð við markaðssetningu og kynningar.



# Á Dansverkstæðinu 2019

## Listamenn

Bíbí & Blaka - SPOR

Marble Crowd - Eyður

Steinunn Ketilsdóttir - verk nr. 1,5 og verk nr 2

Gígja Jónsdóttir - Heldrapönk (RDF)

Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir - Krakkaveldi (RDF)

Íslenska óperan - Hans og Gréta, La Traviata

Ásgeir Helgi Magnússon og Cameron Corbett - Valkyrjur

Melkorka S Magnúsdóttir - Milkywhale

Katrín Gunnarsdóttir og Rán Flygenring - Hönnunarmars

Ásrún Magnúsdóttir, Olga Sonja Thorarensen, Gunnur Martinsdóttir - Fegurð í mannlegri sambúð (RDF)

Margrét Bjarnadóttir - flautukór fyrir tónleika Bjarkar Guðmundsdóttur og eigin sóló

Krístín Þóra Haraldsdóttir - þróunarvinna

Sálufélagar (Nína og Selma) - Independent Party People

Reykjavík Theatre Ensemble - Opening

## Gestalistamenn

Rósa Ómarsdóttir (IS/BE)

H2Dance (NO/SE/UK)

Amy Mauvan (UK/NZ)

Valgerður Rúnarsdóttir

Sonja Lindfors (FI) - Nordic Residency Program í samvinnu við RDF

Steinunn Ketilsdóttir - Practice Performed

Aðalheiður Halldórsdóttir og Halla Þórðardóttir

Yelena Arakelowa (CH) og Eydís Rose Vilmundardóttir (IS)

Lív Smáradóttir (IS) og Hanne Blomme (BE)

## Hátíðir og viðburðir

Hringleikur - opin tilraunakvöld

Reykjavík Fringe Festival

Meningarnótt á Hagatorgi

Reykjavík Dance Festival - æfingar og námskeið

Súper sóló - sýningarröð undir stjórn Steinunnar Ketilsdóttur

## Kennarar í morguntímum og námskeiðum

Yelena Arakelowa

Erla Rut Mathiesen

Hannes Þór Egilsson

Karin Munters Jameson

Emma Rozgoni  
Noam Carmeli  
Díana Rut Kristinsdóttir  
Cameron Corbett  
Snædís Lilja Ingadóttir  
Steinunn Ketilsdóttir  
Tómas Oddur Eiríksson  
Chantelle Carey  
Danielle Agami  
Sigríður Ásgeirsdóttir  
Los Little Guys  
Emily Mansur  
Valgerður Rúnarsdóttir

#### Stofnanir og skólar

Íslenska óperan  
Menningarfélag Akureyrar  
Listaháskóli Íslands  
Plié listdansskóli  
Dansskóli Birnu Björns  
Waldorf skólinn  
Ballettskóli Eddu Scheving  
Frúardagur - leikfélag MR